

1994 nr. 103 20. maí**Lög um jöfnun á flutningskostnaði olúvara**

Tóku gildi 1. september 1994. Breytt með l. 62/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. 131/2013 (tóku gildi 1. jan. 2014).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** eða **samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Flutningskostnaður á olúvörum innan lands skal jafnaður eins og nánar greinir í lögum þessum.

□ Jöfnun á flutningskostnaði nær til flutninga á bifreiðabensíni, gasolíu, öðrum olíum og blöndum til brennslu, flugvélabensíni og flugsteinolíu (potueldsneyti) til innanlandsflugs, þó ekki á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og erlendra flugvéla.

□ Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til flutnings á bensíni og öðrum olúvörum sjóleiðis frá innflutningshöfnum til annarra hafna á landinu sem geta tekið við bensíni og olúvörum með leiðslu úr tankskipi. Jafnframt nær jöfnun flutningskostnaðar til landflutninga á bensíni og dísilolíu með tankbifreið til allra útsölastaða í byggð, þ.e. utan hálendis, frá næstu innflutningshöfn eða næstu höfn sem getur tekið við bensíni og dísilolíu frá tankskipi úr olúleiðslu.

■ **2. gr.** Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allar olúvörur, sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innan lands, sbr. 1. gr., og rennur gjaldið í sérstakan sjóð — flutningsjöfnunarsjóð olúvara.

□ [Byggðastofnun],¹⁾ að fenginni tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs olúvara, ákveður gjald á olúvörum skv. 1. mgr. fyrir minnst þrjá mánuði í senn og skal fjárhæð flutningsjöfnunargjalds hvers flokks, sbr. 4. gr., við það miðuð að tekjur af gjaldinu nægi til að greiða flutningskostnað á því magni af framangreindum olúvörum sem flytja þarf frá næstu innflutningshöfn eða olúhöfn til þeirra olúhafna eða útsölastaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til svo að fullnægt verði eftirspurn eftir þeim olúvörum sem dreift er þaðan.

¹⁾ L. 131/2013, 1. gr.

■ **3. gr.** Innflytjendur, sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, sbr. 1. gr., skulu reikna og greiða flutningsjöfnunargjaldið til flutningsjöfnunarsjóðs olúvara af sölu í hverjum mánuði eigi síðar en á síðasta virkum degi að þremur mánuðum liðnum frá lokum solumánaðar.

□ Aðrir innflytjendur bensíns og olíu, sbr. 1. gr., skulu greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðuð við innflutt móttekið magn.

□ Tollstjórnin í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast innheimtu gjaldsins og skulu þeir skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

■ **4. gr.** Greiða skal úr flutningsjöfnunarsjóði olúvara kostnað við flutning olíu frá innflutningshöfn eða olúhöfn til þeirra olúhafna og útsölastaða sem jöfnun flutningskostnaðar nær til samkvæmt lögum þessum.

□ Mynda skal innan flutningsjöfnunarsjóðs olúvara sérstaka reikninga fyrir eftirfarandi flokka: 1) bifreiðabensín, 2) gasolíu, 3) aðrar olíur og blöndur til brennslu og 4) flugsteinolíu (potueldsneyti). Færa skal tekjur af flutningsjöfnunargjaldi hvers flokks á sérstakan reikning og sómuleiðis útgjöld vegna jöfnunar flutningskostnaðar. Stefnt skal að því að

ná jafnvægi milli álagðra flutningsjöfnunargjalda og útgjalda vegna flutningsjöfnunar hvers flokks innan almanaksársins.

■ **5. gr.** Ekki má leggja flutningsjöfnunargjald á einn flokk til að greiða flutningskostnað á öðrum flokki skv. 4. gr. Verði tekjuafgangur á reikningum flutningsjöfnunarsjóðs olúvara í árslok skal hann yfirferast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins á almanaksári hrökkva ekki fyrir útgjöldum skal greiða það sem á vantar af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

□ Nú hrekkur flutningsjöfnunargjald af einum flokki ekki til greiðslu á kröfum þess flokks og skulu þá innstæður á reikningum annarra flokka notaðar til greiðslu þessara krafna til bráðabirgða. Slíkar bráðabirgðagreiðslur skulu endurgreiddar af hækkuðu flutningsjöfnunargjaldi af umræddum flokki á næsta flutningsjöfnunartímabili.

■ **6. gr.** Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olúvara skal skipuð þremur mönnum sem [ráðherra]¹⁾ skipar til tveggja ára í senn. Einnig skal skipa varamenn. Forstjóri [Byggðastofnunar]²⁾ eða staðgengill hans er formaður stjórnarinnar, ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar en jafnframt situr í henni einn stjórnarmaður, tilnefndur sameiginlega af þeim olúfélögum, sem annast olúdreifingu í öllum landshlutum, eða meiri hluta félaganna. Þó má [ráðherra]¹⁾ ákveða að í stað eins sameiginlegs fulltrúa sitji í stjórninni einn fulltrúi frá hverju slíku olúfélagi. Olúfélögin sameiginlega eða meiri hluti þeirra fer saman með eitt atkvæði við ákvarðanatöku í stjórn sjóðsins. [Ekki eru greidd laun fyrir setu í stjórn sjóðsins.]³⁾

¹⁾ L. 126/2011, 198. gr. ²⁾ L. 131/2013, 1. gr. ³⁾ L. 131/2013, 2. gr.

■ **7. gr.** Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olúvara og [Byggðastofnun]¹⁾ sjá um daglegan rekstur og greiðslur á kostnaði við flutningsjöfnun í samræmi við lög þessi, reglur og ákvarðanir stjórnar sjóðsins.

¹⁾ L. 131/2013, 1. gr.

■ **8. gr.** Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olúvara úrskurðar hvað teljast skuli flutningskostnaður. Er stjórninni skylt að ákveða að jöfnun flutningskostnaðar milli innflutningshafnar, olúhafnar og útsölastaða skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Enn fremur skal stjórninni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta til eða að fullu ef stjórnin telur að um misnotkun á jöfnunarkerfinu sé að ræða.

■ **9. gr.** Allur kostnaður af starfsemi flutningsjöfnunarsjóðs olúvara greiðist af tekjum sjóðsins og skal tekið tillit til þess við ákvörðun flutningsjöfnunargjalds.

□ Fé það, sem á hverjum tíma er í flutningsjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

■ **10. gr.** Að undanteknum fyrir mælum um jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum skal um verðlagningu á olúvörum fara eftir samkeppnislögum . . .¹⁾ og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

¹⁾ L. 62/2005, 13. gr.

■ **11. gr.** [Ráðherra]¹⁾ getur með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara. Þar er m.a. heimilt að fella niður flutningsjöfnunargjald af olúvörum í sérstökum tilvikum sem byggjast á samningum um rekstur olúflekra iðjuvera hér á landi. Flutningsjöfnunarsjóður jafnar ekki flutningskostnað í slíkum tilvikum. Það er jafnframt heimilt að ákveða að fjölga eða fækka útsölustöðum sem jöfnun flutningskostnaðar með tankbifreið nær til að fenginni tillögu þar um frá stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olúvara.

¹⁾ L. 126/2011, 198. gr.

- **12. gr.** Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar að þremur mánuðum liðnum frá samþykkt þeirra. . .
- **Ákvæði til bráðabirgða.** . . .

ELDDRI ÚTGÁFA